

## Nýnemaball

Nemendafélagið stendur fyrir nýnemadansleik fimmtudaginn 4. september í Kaplakrika. Nýnemadansleikurinn er einn af stærri dansleikjum vetrarins en að þessu sinni má gera ráð fyrir að hann slái öll fyrri met þar sem erlendur tónlistarmaður verður aðalnúmer kvöldins. Um er að ræða sænskan poppara og plötusnúð sem gengur undir listamanns-nafninu Basshunter. Hann mun vera vel þekktur meðal framhaldsskólanema. Seldir verða um 2000 miðar á ballið en hver nemandi má hafa með sér einn gest sem hann ber ábyrgð á. Nemendur eru varaðir við að lána kennitölur sínar til ókunnugra. Flestir bekkir hittast fyrr um kvöldið og beinum við þeim tilmælum til foreldra og forráðamanna að leyfa hvorki eftirlitslaus party né meðferð áfengis. Undanfarið hafa dansleikir á vegum skólans farið mjög vel fram og nemendur verið til fyrirmyndar í alla staði.

Til þess að forðast troðning fyrir utan staðinn er ætlast til þess að nemendur mæti samkvæmt eftirfarandi tímatöflu:

3. bekkur mætir milli 21:15-22:00. Allir fæddir 1998 og síðar blása áfengismæla.

4. bekkur mætir milli 22:00-22:30.

5. bekkur mætir milli 22:30-23:00.

6. bekkur mætir milli 23:00-23:30.

Húsinu verður lokað stundvíslega klukkan 23:30.

Edrúppotturinn verður á sínum stað.

Skóli hefst klukkan 8:15, eða samkvæmt stundaskrá, daginn eftir.

## Kynningarfundur fyrir foreldra og forráðamenn nýnema

Foreldrafundur fyrir foreldra/forráðamenn nýnema verður haldinn í skólanum þriðjudaginn 2. september nk. kl. 20:00. Dagskráin verður með hefðbundnu sniði þar sem skólastjóri fer í stuttu máli yfir ýmis atriði sem lúta að námi við skólann. Einnig mun foreldraráð skólans kynna sín störf og forseti NFVÍ segja nokkur orð. Stjórnendur skólans, námsráðgjafar, forvarna- og félagslífsfulltrúar og fulltrúar frá stjórn nemendafélagsins munu sitja fyrir svörum og að því loknu verður foreldrum og forráðamönnum boðið að hitta umsjónarkennara í kennslustofum. Hér er ekki

um einstaklingsviðtöl að ræða heldur er gert ráð fyrir að umsjónarkennarar hvers bekkjar ræði við alla foreldra/forráðamenn samtímis. Umsjónarkennarar dreifa jafnframt til foreldra og forráðamanna lykil-orðum að foreldraðgangi í upplýsingakerfi skólans.

Stjórnendur skólans, deildarstjórar, námsráðgjafar, forvarna- og félagslífsfulltrúar og fulltrúar frá stjórn nemendafélagsins verða til taks á Marmaranum og bóka-safnið verður opið.

## Nýnemaferð

Vikuna 8. til 12. september munu eldri nemendur skólans bjóða nýnema velkomna í skólann með sínum hætti og eins og alltaf er markmiðið að upplifun nýnema verði gleðileg og jákvæð. 12. september verður, líkt og undanfarið ár, farin sólarhrings skemmti- og hópeflisferð, að þessu sinni á Stokkseyri. Skemmtinefnd nemendafélagsins skipu-



leggur og stýrir ferðinni, undir handleiðslu starfsfólks. Þar sem nýnema eru ekki sjálfráða þurfa þeir upplýst samþykki foreldra/forráðamanna fyrir þessari ferð. Nýnema fá með sér heim til undirritunar samning sem varðar ferðina. Þær ferðir sem farnar hafa verið hafa heppnast einstaklega vel og gerum við ráð fyrir að svo verði einnig nú.

## Aðalfundur Foreldraráðs VÍ

Aðalfundur [Foreldraráðs Verzlunarskóla Íslands](#) verður haldinn 9. september í Bláa sal. Dagskrá fundarins er skv. lögum félagsins en að honum loknum verður Margrét Lilja Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknunum og greiningu, með fyrirlestur sem fjallar um líðan nemenda í framhaldsskólum. Einnig mun forseti nemendafélagsins, Sigrún Dís Hauksdóttir, kynna starfsemi félagsins.

Vert er að minna á Facebooksíðu félagsins sem er mjög virk og mikið af gagnlegum upplýsingum þar að finna. Tengill á síðuna er <https://www.facebook.com/pages/Foreldraf%C3%A9lag-Verzlunarsk%C3%B3la-%C3%8Dslands/373242696121695?fref=ts/>.



## Fjarnám

Fjarnám er kjörinn valkostur fyrir þá sem eiga eftir að ljúka námi eða vilja bæta við sig. Skráning á haustönn 2014 fer fram á [heimasíðunni](#). Hægt er að skrá sig til og með 1. september. Kennsla hefst 9. september, en þá verða aðgangsorð að kennslukerfinu send nemenda. Athugið að nemendum í dagskóla stendur ekki til boða að flýta fyrir sér með því að taka einstaka áfanga í fjarnámi áður en þeir eru kenndir í dagskóla.

